



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.
Alþingi v/ Austurvöll.

Reykjavík, 4. nóvember 2019

1910262

0.33.1

Vísað er til erindis frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem óskað er umsagna forsætisnefndar um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 279. mál þingsins.

Forsætisnefnd ítrekar þá afstöðu sem fram kom í bréfi til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar 17. maí sl. um sams konar þingmál á 149. þingi að forsætisnefnd er þverpólitískur samráðsvettvangur sem fer með stjórnarsýslu Alþingis og blandar sér almennt ekki í umfjöllun um þingmál, allra síst mál sem pólitískur ágreiningur getur verið um. Nefndin veitir því að jafnaði ekki umsögn um þingmál nema hún telji, að eigin frumkvæði, sérstakt tilefni til að lýsa skoðun sinni á málinu og að jafnhliða varði málið skipulag og starfsemi Alþingis.

Forsætisnefnd mun því ekki veita umsögn um ofangreint þingmál.

F.h. forsætisnefndar Alþingis,

Þorsteinn Magnússon,
varaskrifstofustjóri Alþingis.